



## Reglur um afnot líkamsræktaraðstöðu utan reglulegrar viðveru starfsmanna

### 1. Grein - Gildissvið

Reglur þessar gilda um líkamsræktaraðstöðu á vegum Fjarðabyggðar í Neskaupstað, Eskifirði og á Reyðarfirði.

### 2. Grein - Yfirlýsing

Til þess að fá afnot líkamsræktaraðstöðu skal viðkomandi undirrita yfirlýsingu sem er staðfesting á því að hann þekki til og fylgi skilmálum og reglum um aðgang að líkamsræktaraðstöðu utan reglulegrar viðveru starfsmanna.

### 3. Grein – Aðgengi og aðstaða

Aðgengi að líkamræktaraðstöðu skal vera bundið við tækjasal, salerni og aðkomuleiðir að tækjasal. Við undirritun yfirlýsingar skal starfsmaður kynna notanda aðstöðu og tækjabúnað ef þörf er á. Óheimilt er að nota sturtuáðstöðu utan hefðbundins opnunartíma.

### 4. Grein Skilmálar

1. Notandi skal vera orðin 18 ára.
2. Notandi skal hafa gilt tímabilskort, sem tekur a.m.k. til 3ja mánaða tímabils.
3. Afnot og aðgangur gildir einungis fyrir þann einstakling sem hefur undirritað yfirlýsingu.
4. Við undirritun yfirlýsingar fær viðkomandi rafrænan aðgang. Rafrænn aðgangur fellur niður hafi viðkomandi ekki gilt tímabilskort.
5. Í hvert skipti sem aðstaða er notuð skal aðgangsslykill notaður. Ef fleiri aðilar koma á sama tíma skal hver og einn nýta aðgangsslykil sinn.
6. Óheimilt er afhenda öðrum aðgangskort að aðstöðunni.
7. Hver og einn notandi ber ábyrgð á húsinu við notkun.
8. Notandi skuldbindur sig til að ganga vel um húsið og líkamamsræktaraðstöðuna og ganga frá öllum tækjum á sinn stað eftir notkun. Notandi skal upplýsa starfsmenn telji hann búnað ekki í lagi eða að gera þurfi aðrar úrbætur.
9. Bannað er nota áfengi eða tóbak í eða við hús líkamsræktaraðstöðunnar, sem og að vera undir áhrifum áfengis eða annar vímefna á svæðinu.
10. Notkun er ekki heimil á tímabilinu 00:00-05:00. Jafnframt er heimilt að takmarka notkun á ákveðnum tímum vegna annarar starfsemi svo sem vegna viðhalds og íþróttakennslu.
11. Húsið er vaktað með eftirlitsmyndavélum í eignavörslu og öryggisskyni.
12. Almennar umgengisreglur í líkamsræktarastöðinni gilda jafnframt um húsið. Huga skal að friðhelgi einkalífs og er notkun snjallsíma eða annars myndavélabúnaðs óheimilt nema með samþykki þess sem myndaður er.
13. Heimilt að hafna því að aðili fái aðgang að aðstöðunni hafi aðili áður brotið almennar umgengisreglur innan líkamsræktaraðstöðunnar eða reglur þessar.



14. Komi upp brot á umgengisreglum eða reglum þessum er forstöðumanni ípróttaaðstöðunnar heimilt að fella niður allan aðgang viðkomandi án endurgreiðslu aðila eða eftir atvikum allra sem þjónustuna nýta ef tilefni verður til endurskoðunar á aðgengi að aðstöðunni

Fjarðabyggð 6. nóvember 2023

  
Jóna Árný Þórðardóttir  
bæjarstjóri

Samþykkt á fundi ípróttá- og tómsfundanefndar 23. október 2023  
Samþykkt á fundi bæjarráðs 30. október 2023  
Samþykkt á fundi bæjarstjórnar 2. nóvember 2023